

fer fram, skal skipt þannig, að Vatnsleysustrandarhreppur beri tvo hluta en Njarðvíkurhreppur einn, og eptir sama hlutfalli skal fara um sveitarþyngsli, er síðar 21. sept. kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, er hingað til hefur átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi fyrir sig samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði ágreiningur útaf skiptingunni skal skorið úr honum af sýslunefndinni.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á Vatnsleysustrandarpinghá, hvorki sem manntalspingá nje dómþinghá.

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjarík um skaðabætur fyrir skemmdir á póstsendingu. — Með þóknanlegu brjefi dags. 20. p. m., hafið þjer, herra póstmeistari, sent hingað, ásamt ummælum póstaðgreiðslumannsins á Prestsbakka, erindi Sigurðar bóksala Kristjánssonar hjer í bænum, parsem hann fyrir hönd Ara bónda Hálfðánarsonar á Fagurhólsmýri í Örafum gjörir tilkall til skaðabóta fyrir skemmdir á bókum er tjeður bóksali hafði sent Ara þessum og afgreiddar voru frá yður í 3 póstbögglum með austanpósti þeim, er fór hjeðan 2. maí p. á. Það er upplýst að bókasendingar þessar, er alls voru 10 pd. að vikt hafa vöknað í póstkoffortunum þannig að sumar bækurnar hafa skemmt að nokkru leyti en sumar orðið alveg ónýtar; hafa skemmdirnar á öllum bókunum verið metnar á 6 kr. 46 a., er eigi nemur þeirri upphæð, sem tiltekin er í 13. gr. í tilsk. um póstmál 26. febr. 1872 og leggið þjer til að greiða megi nefndum Ara Hálfðánarsyni upphæð þessa úr póstsjóði.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra póstmeistari, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar að jeg veiti hjermeð samþykki mitt til að áminnst upphæð 6 kr. 46 a., verði greidd úr póstsjóði sem skaðabætur fyrir skemmdir á bókasendingum þeim, sem að ofan ræðir um.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um kröfu til þóknunar fyrir að hlaða varnargarð í ána Syðri-Þverá. — Með þóknanlegu brjefi dags. 22. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi frá Jóni sýslunefndarmanni Jónssyni, ábúanda á Munkaþverá, þar sem hann með skirskotun til brjefs stjórnarráðsins 27. maí 1880* fer fram á að fá greiddar úr umboðssjóði 400 krónur af kostnaði við hleðslu á varnargarði í ána Syðri-Þverá í Eyjafirði, er hann hefur látið gjöra á árunum 1881—1889 og fylgir þar með skýrsla úttektarmannanna í Öngulstaðahreppi um tjeðan varnargarð dags. 15. d. júnímán. p. á.

Eins og yður er kunnugt var með ofangreindu brjefi ráðgjafans fyrir Ísland, dags. 27. maí 1880 leyft, að greiðast mætti úr umboðssjóði $\frac{2}{3}$ hlutar af kostnaðinum við að hlaða varnargarð í ána Syðri-Þverá í Eyjafirði til að koma í veg fyrir skemmdir þær, sem vofðu yfir túni og engjum klausturjarðarinnar Munkaþverár, þó þannig, að greiðsla þessi færi ekki fram úr 400 krónum og að ábúandinn greiddi $\frac{1}{3}$ af kostnaðin-

*) Stj.tíð. 1880, B, 92.

101 um og var veiting þessi að öðru leyti bundin því skilyrði, að áður en sá hluti kostnaðarins, sem legðist á umboðssjóðinn, væri greiddur, skyldi fram lagður nákvæmur reikningur yfir gjöld þau öll, sem gengið hefðu til verksins, og enn fremur, að sannað væri með löglegri skoðunargjörð, (Syns og Skjönsforretning) að verkið væri vel af hendi leyst og garðurinn hefði hin sömu ummál og til eru tekin í skoðunargjörð frá 6. febr. 1880.

Í hinni nefndu skoðunargjörð, sem jeg hjermeð sendi yður í eptirriti, er það tiltekið, að garður sá, er hlaða þyrfti uppi undir gljúfrum þar sem Þverá snýr að túninu á Munka-Þverá þurfi að vera öflugur grjótagarður, c. 20 faðmar á lengd, c. 3 álnir á hæð og c. 6 álnir á þykkt.

Með því að ekki fyrirbyggur nein skoðunargjörð er sanni að garður sá, er hlaðinn hefur verið, hafi ofangreind ummál eða fullnægi hinum settu skilyrðum yfir höfuð, en skýrsla úttektarmanna Öngulsstaðahrepps þvert á móti ber með sjer, að talsverður hluti garðsins er hlaðinn úr torfi og grjóti í stað grjóts eingöngu, og að þykkt hans er 2 álnum minni og hæðin c. $\frac{1}{2}$ —1 al. minni en til er tekið í ofangreindri skoðunargjörð 6. febr. 1880, og með því að þau skilyrði þannig vantar, sem sett eru í framannefndu ráðgjafabréfi 27. maí 1880, getur beiðni Jóns bónda Jónssonar á Munkaþverá þegar af þeirri ástæðu ekki tekizt til greina; en þó að garðurinn hefði haft hinn fyrirskipaða styrkleika, hæð og þykkt, þá er samt mjög hæpið að hinn umræddi kostnaður hefði orðið greiddur af umboðssjóði, eptir hinu optnefnda ráðgjafabréfi þar sem liðin eru 9 ár síðan fjenu var heitið, ef verkið væri unnið og ráðgjafiinn að sjálfsögðu ekki hefur ætlast til að fjárframlagið skyldi standa um óákveðið langan tíma og bíða eptir hentugleikum leiguliðans á Munkaþverá.

102 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um skipting jarðarafgjalda milli
30. sept. Efri Holtapinga og Stóruvalla prestakalla. — Með því að Stóruvallaprestakall nú hefur verið veitt, hef jeg í dag skipt jörðum þeim, sem með brjefi landsh. 11. maí 1886¹ eru lagðar út í hið ákveðna árgjald af Oddaprestakalli til Efri-Holtapinga og Stóruvalla prestakalls sem uppbót sú, er nefndum prestaköllum ber úr landssjóði samkv. 1. gr. laga um skipun prestakalla 27. febr. 1880, á þann hátt, er nú skal greina, milli ofan nefndra prestakalla.

Til Efri-Holtapinga leggjast:

1. Uxahryggur með hjáleigunni Stóraholti.
2. Galtarholt með grasbýlunum Markhól og Blábringu.
3. Fróðholtshóll.

Til Stóruvallaprestakalls leggjast:

1. Eystra-Fróðholt.
2. Fróðholts-hjáleiga.
3. Vestra-Fróðholt.
4. Litla-Bakkakot.
5. Stóra-Bakkakot.
6. Ártún með hjáleigu.

1) Stjórnartíð, 1886 B. 53.